

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8.2.2021  
Tilvísun: 20210103214

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, (hvatar til nýfjárfestinga), þskj. 570 – 399. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 22. janúar sl. móttekið tölvupóst þar sem embættinu var gefinn kostur á því að veitaóskað umsögn um ofangreint þingmál.

Frumvarp þetta var samið að höfðu samráði við ríkisskattstjóra, en embættið telur þó við nánari athugun tilefni til eftirfarandi athugasemda:

**I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að heimilt sé að reikna sérstakt 15% fyrningarálag á eignir samkvæmt 1. mgr. sem aflað á árunum 2021-2022. Í 6. mgr. er síðan kveðið á um að sé samanlagt fyrningarálag skattaðila hærra en 75 millj. kr. þá sé ríkisskattstjóra heimilt að krefjast þess að lagt sé fram rökstutt álit óháðra sérfræðinga. Æskilegt væri að í lagatextanum komi berlega fram, hvort um sé að ræða árlegt viðmið eða hvort um sé að ræða samtals fjárfestingar á þessum tveimur árum sem um ræðir. Fyrsti málslíður 6. gr. gæti þannig eftir atvikum orðast svo: „*Nemi árlegt fyrningarálag skattaðila samtals hærra fjárhæð en 75 millj. kr. ...*“

Þá verður að telja fremur óljóst hverjar yrðu niðurstöður þess að tefla saman álitsgerðum tveggja sérfræðinga sem telja mætti jafngildar. Almenn er það svo að þegar aflað er yfirmats, þá felst það í málsskoti t.d. til æðra stjórnvalds, sem hefur þá eftir atvikum úrskurðarvald til að kveða á um lyktir máls. Ljóst þykir að álitaeefni af framangreindum toga verða ekki leyst fyrir álagningu og mun frádráttarheimild sem þessi almennt sæta síðari endurskoðun.

Í 7. mgr. er gerður áskilnaður um að fyrirtæki megi ekki vera í eigu skattaðila sem teljast vera í fjárhagsvanda. Æskilegt væri að fram kæmi þegar í lagatexta, hvað átt er við með að „*teljast vera í fjárhagsvanda*“. Orðasamband sem þetta sem stendur eitt og sér án skýrra viðmiða hefur valdið óþarfa vanda í framkvæmd, þannig að heppilegra væri að þau viðmið sem styðjast skuli við mat á fjárhagsstöðu komi ótvírætt fram í lagatextanum fremur en alfarið í reglugerð. Þá er æskilegt að skilyrði sem þessi séu samræmd á milli lagabálka, þannig að ekki sé um ólíka framkvæmd að ræða þegar um sömu atvik er að ræða. Má í þessu sambandi benda á ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, og reglugerð nr. 758/2011,

sbr. reglugerðir, nr. 247/2015 og 492/2017. Auk þess kæmi berlega fram við hvaða tímapunkt skuli miða við mat á fjárhagsvanda, þ.e. hvort miða skuli við upphaf eða lok reikningsárs eða síðara tímaviðmið s.s. við álagningu. Þá kann að fara betur á því að hugtakið „skattaðil[i]“ falli brott, þannig að ljóst sé að með tilvísuninin sé ótvírætt að átt sé við að einstakt fyrirtæki sem slíkt sé í fjárhagsvanda fremur en að það sé í eigu skattaðila sem á almennt í fjárhagsvanda.

Loks bendir ríkisskattstjóri á að betur færi á því að umorða í 7. mgr. setningarhlutann; „*ef eign telst valda umtalsverðu tjóni sem gengur gegn einu eða fleiri umhverfismarkmiðum...*“ eitthvað í þessa veru; „*ef umtalsvert tjón telst hljótast af notkun eignar í skilningi eins eða fleiri umhverfismarkmiða eins og þau markmið eru skilgreind í reglugerð sem ráðherra setur sbr. 8. mgr.*“

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Jón Ásgeir Tryggvason